

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Skólaheimsóknir starfsmanna VMA í Brussel, vorið 2019.

<https://www.vma.is/>

Þessi ferð er að mestu fjármögnuð með styrkjum til einstakra kennara og annarra starfsmanna úr endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna. Vísindasjóður FF og FS innan Kennarasambands Íslands fékk senda áætlaða dagskrá með loforðum um að við fengjum að koma í heimsókn, sjóðsstjórnin samþykkti að styrkja ferðina með fyrirvörum um að starfsmenn færu í þær heimsóknir sem áætluð dagskrá sýndi.

<http://ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/framhaldsskolinn>

Miðað var við að hver starfsmaður færi í að minnsta kosti þrjár heimsóknir og að þær tækju alls um 12 klst. Langflestar heimsóknirnar fylltu 3,5 – 4 klst með ferðalögum og slíku.

Unnið í samstarfi við Michel Urbain og Helene Dirix hjá OFFA og Ellen Bauwens hjá GO skólunum í Flæmska samfélaginu.

<http://www.offa-oip.be/>

<http://www.g-o.be/>

Í hópnum voru 71 starfsmaður VMA og 31 maki, alls 102 í ferðinni.

Af starfsmönnum voru

Skólameistari og skrifstofustjóri	2	Starfsmenn skrifstofu VMA	3
Umsjónarmaður fasteigna og þjónustuliðar	4	Bókaverðir af bókasafni VMA	2
Stuðningsfulltrúar af starfsbraut VMA	2	Kennarar, fagstjórar og brautarstjórar	58

Sumir af þeim sem komu með sem makar starfsmanna tóku þátt í heimsóknum og munu geta nýtt styrki úr sínum stéttarfélögum til að greiða ferðakostnaðinn að hluta til eða að öllu leyti.

Sunnudagur 26. maí 2019.

Lagt af stað í SBA rútu <https://www.sba.is/> frá VMA um kl. 7.00 og ekið rակleitt að Keflavíkurflugvelli.

Flugið fór af stað á réttum tíma eða 16.10 og lenti í Brussel uppúr kl 21 að staðartíma.

Rúta frá Flugvelli að Thon Hotel Brussels City Centre við Rogier metro stöðina.

<https://www.thonhotels.com/our-hotels/belgium/brussels/thon-hotel-brussels-city-centre/>

Heilmiklar framkvæmdir eru við hótelið, stillansar utaná því og verið að byggja allt í kring.

Mánudagur 27. maí 2019.

Rigningarskúrir öðru hverju fyrripart dagsins.

Heimsókn Sint Lukas Kunsthumanoria.

<http://blog.sintlukaskunsthumaniora.be/>

<http://www.sintlukas.com/>

Kris Bauwens directeur

www.sintlukaskunsthumaniora.be

Menntaskóli og listaskóli.

<http://www.sintlukasbasisschool.be/>

Groenstraat 156 1030 Brussel

directie@sintlukas.brussels

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Löbðuðum af hótelinu í ca 15 mínútur að aðsetri Sint Lukas Kunsthumanoria við Grænastræti / Rue Verde / Groenstraat í hverfi sem kallast Brabant.

Kunsthumanoria Academy.

Þrír skólar í sömu bygginu, hægt að starta 2,5 ára í leikskóla svo er grunnskóli og framhaldsskóli til 18 ára aldurs

Academy er kvöldskóli

Basisschool er grunnskóli 6 – 12 ára.

Sint Lukas kunsthumanoria er framhaldsskóli 12 – 18 ára

Luca Schol of Arts er listaháskóli.

Skólakerfi í Flanders

Skólakerfin eru að dálitlu leyti ólík í Valloníu og Flanders.

Leikskólar 2,5 – 6 ára.

Næstum öll börn fara í leikskóla.

Grunnskóli 6 – 12 ára.

Sint Lukas Basisschool

Framhaldsskóli 12 – 18 skylda.

Sint Lukas Kunsthumanoria.

Special ed.

Hærri menntastofnanir

Verknám/ tækninám. HB05

Lifelong learning

Part time ed in arts.

Sint Lukas Academie 200 nem

Adult ed

DKO = listnám

Hluta nám í listum. Bæði fyrir börn og fullorðna.

Fine arts and visual arts í þessum skóla en sumir skólarnir bjóða upp á hinar brautirnar.

Hægt að ná sér í gráðu sem samsvarar

listagráðum úr reglulegu námi.

Námskrá með markmiðum fyrir hvert ár.

Lágmarks skólagjöld. Ríkið setur inn peninga eftir árangri fyrra árs.

Þau líta á námið sem fundarstað mismunandi aldurs skeiða, menningarheima, námsgreina og ferla í listum í samhengi alþjóðlegrar og staðbundinnar listar.

Satellite schools eftir 15.30 á nokkrum

stöðum í hverfinu fyrir nemendur sem vilja

taka þátt í listastarfi eftir reglulega skólann.

Hjálpar félagslega illa stöddum nemendum.



Brussel er þekkt fyrir Manneken Pis - strák að pissa.
Þar er líka Jeanneke Pis - stelpa að pissa,
og svo þessi sem kallast Zinneke Pis.

99% nemenda eru ekki upphaflega flæmskumælandi, það er flókið fyrir kennara. Mjög margir nemendur tala frönsku eða önnur tungumál heima hjá sér.

Námsmat er því fært í meira visuelt kerfi því nemendur og foreldrar skilja ekki flæmsku á

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

matsblöðum.

Nýta sér kennarana og aðra sem starfa í dagskólanum yfir í kvöldnámið.

Kennslufræði.

Kennarinn ekki eins og vinnustofu leiðbeinandi né til að breiða út þekkingu heldur til að kynna listavinnu/ferli, með áherslu á rannsókn, tilraunir, mikilvægi þess að mistakast, að prófa sig áfram að velta hlutum fyrir sér. Og með áherslu á þekkingu um aðra og það að vera í hópi með þeim.

Mikil fátækt í hverfinu og kennarar eru oft ekki undirbúnir fyrir það.

Nágrennis eldhús, neighborhood kitchen. Mikilvægt að nemendur úr nágrenninu komi í skólann og í eftirskólanámskeið á staðnum og starfsfólkið veit meira um stöðu þeirra og þarfir.

Framhaldsskólinn í Flanders. 6 ár 12 – 18 ára.

Arts education ----> leiðir til listaskóla á hærra stigi.

General education (menntaskóli) --> leiðir til hærri menntunar

Technical education ----> hærri menntun eða störf. Mjög fjölbreytt.

Vocational education (verkmenntaskóli) ----> starf.

KSO

Í listaskólum er breið menntun með virka sérhæfingu í listum, visual arts, dans, tónlist, leikhús. Hér í þessum skóla er bara verið að vinna með sjónlistir.

Allir nemendur eru í 36 tíma á viku og svo er heimanám.

28 t af almennum fögum í sumum prógrömmum.

18 t af almennum fögum í öðrum prógrömmum.

Allir nemendur geta farið í listaskóla á hærra stigi en sumir fara í annað nám á háskólastigi, þurfa þá meiri undirbúning fyrir háskólanám.



Þessi stúlka sýndi okkur verkin sín.

Fyrir hverja er framhaldsskólinn sem þau reka?

Þá sem eru með hæfileika eða áhuga á listum og sýna það einhvernvegin.

Þá sem vilja fara í hærri menntastofnanir.

Námið miðar ekki að undirbúningi undir störf.

Margir nemendur búa ekki hér í nágrenninu.

Sumir nemendur koma inn í skólann síðar í ferlinu. Þeir hafa sumir farið í menntaskóla og það gengur ef til vill ekki vel og þá skipta þeir.

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Nemendur þurfa að vera ábyrgir fyrir því að vinna og læra og oft tekur það þessa nemendur sem voru annarsstaðar nokkurn tíma að fatta það að þeir bera ábyrgð.

Við gengum um skólann og heimsóttum kennslustofur í grafík, vinna með poka og myndskreyta þá, arkitektúr, bæði CAD teikningar og að blanda saman stærðfræði og strúktúrum t.d. að byggja brýr úr spaghetti.

Að lokum sáum við vinnubók nema í visual art þar sem neminn hafði tekið saman allt efnið á mjög skýran hátt. Kennarinn skýrði út að vinnubókin væri ferðasaga nemans í genum námið, þar væru hugleiðingar og myndir af ýmsu sem fjallað væri um.

Í umræðum í lokin kom ýmislegt fram sem skýrir áherslur og togstreitu í skólastafi bæði í Belgíu og á Íslandi.

Í Flanders eru 12 framhaldsskólar með áherslu á listir en 30 eða fleiri með margar brautir og meðal annars listnám.

Skólameistarar þessara 12 hafa samtök með sér óháð því í hvaða kerfi (kapólskum skólum og öðrum) þeir starfa.

Kennarafélög, eru þau að hjálpa til að við að halda listnámi á lofti? Lítil svör við því . Listnám virðist vera að hverfa úr almennu námi á framhaldsskólastigi.

Kennarafélögin virðast fyrst og fremst fjalla um kjaramál en ekki eins mikið um skólastefnu. Talsverð samkeppni er milli skóla og skólakerfa.

Umræða um stefnu og hvernig er unnið að náminu meðal annars hvaða stefnu er fylgt í menntamálum og hvernig endaafurð er oft mikið skoðuð í stað þess að skoða ferlið. Það kom í ljós að ýmis málefni hafa svipaða stöðu á Íslandi og í því sem þau töluðu um í Flæmska /almennt í Belgíu.

Annar hópur fór í EPF sem er þjálfunarmiðstöð, verknámsskóli.

Miðstöð fyrir nám og þjálfun í margskonar starfsnámi, yfirlit um starfsmenntakerfið.

<https://www.efp.be/>

Rue de la Stalle 292B - 1180 Brussels, info@efp.be

Contact name Nathalie Bergeret, N.Bergeret@efp-bxl.be; +32 495 58 17 03

Role at the school : Coordinator

Eftir hádegisdag stefndi hópurinn í Evrópuþingið.

<http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Þar fór smá tími í að koma hópnum saman og komast í gegnum öryggisleit.

Svo kom Evrópuþingmaðurinn Marc Tarabella

http://www.europarl.europa.eu/meps/en/29579/MARC_TARABELLA/home

og hitti hópin. Hann er kunningi Michels Urbain sem hefur hjálpað okkur heilmikið

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

varðandi heimsóknirnar í skólana.

Marc Tarabella er fulltrúi Belgíu og er í hópi socialista á Evrópuþinginu. Hann útskýrði nokkuð ítarlega hvernig unnið er að málum og tók dæmi um mál sem hann hafði með að gera sem trúnaðarmaður þingsins varðandi ákveðinn málaflokk. Hann fjallaði um tengsl þingsins og málsmeðferðar þar við framkvæmdastjórn ES og útskýrði að reglur og lög sem ES tekur upp og setur þurfa annaðhvort að gilda einfaldlega frá ákveðnum tíma (t.d. um gjöld fyrir símaþjónustu) eða að gefinn er tími (tvö ár) fyrir aðildarríkin að breyta sínum lögum þannig að þau verði í samræmi við lög sem samþykkt eru á Evrópuþinginu. Þannig er Evrópuþingið ekki í beinum valdatengslum við framkvæmdastjórn ES heldur eru reglur búnar til á báðum stöðum og síðan er samið um hvernig þær verða í lokaútgáfu.

Eftir kynningu Marc Tarabella fórum við á safn um sögu þingsins og fleira var skoðað. Eftir heimsóknina notuðum við góða veðrið til að skoða okkur um í Brussel.



Nokkuð stór hluti hópsins fór í heimsókn í Evrópuþingið.

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Þriðjudagur 28. maí 2019.

Þennan daginn voru á dagskrá heimsóknir í skóla undir hatti GO sem rekur skóla innan flæmska samfélagsins.

<http://www.g-o.be/>

Þrír skólar voru heimsóttir um morguninn

GO! - Technisch Atheneum Zavelenberg:

Oscar Ruelensplein 13 - 1082 SAINT AGATHA-BERCHEM

<https://kta-zavelenberg.com/>

Headmaster: Pieter Vielfont – directie@kta-zavelenberg.be

Karen Malmquist skrifar.

Ein hugmynd sem kom í hugann í heimsókn í Technisch Atheneum Savelenberg á þriðjudagsmorgun (þeir eru að fara að vinna með “eyjur” til að koma til móts við nemendur sem t.d. koma inn í starfsnám eftir að hafa eytt 1-3 árum í bóknám sem ekki hentar þeim. Nemendur setjast inn á 2.-5. ár í starfsnámi þar sem aldur ræður hvert nemendur fara, ekki grunnþekking.) er sú að hafa 1-2 kennslustundir þar sem kennari leiðbeinir nemendum, er með innlegg og svo eru 2-4 kennslustundir þar sem nemendur vinn að lausnum á verkefnum sínum en hafa aðgang að kennaranum til að hjálpa þeim til að finna leiðir til lausnar verkefnanna, en þetta er ekki endilega bein kennsla.

Væri reynandi að prófa þetta í ENSK2LS05, finna tengla á orðabækur, orðaforðaæfingar, málfræðiæfingar (gagnvirkar) og leiðbeiningar í málfræði. Allir nemendur þurfa að vera búnir að vinna ákveðin verk í kennsluhefti á ákveðnum tíma og kennari fer yfir á töflu

“Eyjur” er þannig verkefni að á ákveðnum tíma er kennari með innlegg en svo eru settar upp starfsstöðvar þar sem nemendur vinna að úrlausn verkefna sinna og hafa aðgang að kennara, ekki endilega þess sem kennir sama áfanga, en getur leiðbeint sökum þekkingar sinna almennt.

GO! - Atheneum Unesco Koekelberg

Klein Berchemstraat 1 1081 Koekelberg

<http://www.kakoekelberg.be/>

Headmaster: Pieter Buggenhout

pieter.buggenhout@atheneum-koekelberg.be

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

GO! - Castor/CVO COOVI Anderlecht

Emile Grysonlaan 1 - 1070 Anderlecht

<https://www.cvocoovi.be/> Contact person: David De Freyne – david.defreyne@coovi.be
<http://www.clwcastor.be/> info@clwcastor.be

Annette de Vink skrifar.

COOVI (David)

Við fengum kynningu á hluta af fullorðinsfræðsluframboði skólans. Kennsla er á hollensku/flæmsku. (ATH. Belgar tala oft um hollensku, ekki flæmsku.)

Margir nemendur eiga erfitt með hollensku og þurfa kennarar að nota allskonar leiðir til að koma efninu til skila. Þar sem það er auðveldara að fá vinnu í hollenskumælandi hluta Belgíu er frekar eftirsótt að fara í þennan skóla.

Mér þótti undarlegt að heyra að það eru 2 menntunarkerfi í gangi í Brussel, franskt og hollenskt kerfi og lítið samstarf milli skólanna. Stutt frá skólanum sem við heimsóttum var sambærilegur skóli fyrir frönskumælandi fólk.

Við fórum í nýja byggingu, einhverskonar turn með mörgum hæðum með eins eldhúsum. Belgar kalla húsið 'keukentoren'. Á efstu hæðinni var 'veitingahús' sem var hægt að leigja. Það voru bara eldhús, ekki önnur kennslurými á hæðunum. Þegar við skoðuðum eitt eldhús voru yngri nemendur að elda. Fullorðinsfræðslan 'deilir' kennslurými með verknámsskóla fyrir yngri nemendur.

Í annari, glænýrri byggingu fengum við að skoða eldhús fyrir 'kondítóra' (banketbakkars) og bakara. Við fórum inn í slátraradeild / kjötvinnsludeild og fengum m.a. upplýsingar um þurrkun á kjöti. Þetta vakti lukku hjá nokkrum kennurum.

Coovi býður einnig upp á nám fyrir bjórbruggara og við skoðuðum þá deild. Í upplýsingabæklingi kemur fram að skólinn býður upp á nám til að verða 'brouwer' (bruggari), 'destilleerder' (eimari) og 'wijnmaker' (víngerðarmaður) :)

Þetta nám er eingöngu fyrir fullorðið fólk.

Coovi býður upp á fullt af 'workshops' 15. júní sem tengjast mat, drikk og garðvinnu og hefði verið gaman að taka þátt í einhverju af þessum námskeiðum :)

CLW Castor (Nikolaas)

Það var ekki alveg ljóst hvernig tengingin er milli CLW Castor og SVO Coovi en mér sýndist starfsemi CLW Castor vera alveg ótengd Coovi, nema að þeir voru staðsettir í sama húsi. Og hafa aðgang að sömu kennslurýmum.

CLW stendur fyrir 'Centrum Leren en Werken'. Námið er hugsað fyrir ungt fólk á skólaaldri sem er annaðhvort ekki í skóla vegna einhverskonar erfiðleika eða fólk sem hefur ekki verið í skóla í Belgíu, eins og flóttamenn og rómafólk.

Markmiðið er að virkja þessa krakka til að taka virkan þátt í samfélaginu og koma í veg fyrir að þeir lendi utanvið samfélagið.

Það gengur stundum erfiðlega að fá þessa krakka til að mæta í skóla og þarf að nota ýmsar leiðir til að hvetja þessa nemendur til náms og vinnu. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

Kennararnir eru ungir og stoppa yfirleitt stutt því álagið er mjög mikið. Sjálfur var Nikolaas ekki menntaður sem kennari. Hann er sagnfræðingur. Það sem skiptir mestu máli fyrir kennara er að vera 'engageraður' (brenna fyrir starfið) í starfinu með þessum nemendum.

Annette J de Vink

Eftir hádegðið voru heimsóknir í tvo skóla.

GO! - Technisch Atheneum Zavelenberg:

Oscar Ruelensplein 13 - 1082 SAINT AGATHA-BERCHEM

<https://kta-zavelenberg.com/>

Headmaster: Pieter Vielfont – directie@kta-zavelenberg.be

GO! Atheneum Anderlecht

Sint-Guidostraat 73, 1070 Anderlecht

<http://www.kaa-audiovisuelelevorming.vgc.be>

Contact person: Stefan Tavernier-Laurens – audiovisuelelevorming@gmail.com

Hópurinn hittist við skólann, sumir komu frá hótelinu en aðrir í leigubílum frá öðrum skólum sem þau höfðu verið að heimsækja um morguninn.

Stefán tók á móti okkur ásamt öðrum kennara sem fór svo að sinna nemendum.

Þarna eru nemendur í bæði almennum bóknámsskóla og listnámi frá 12 ára til 18 ára.

Stefán er deildarstjóri og fræddi okkur um námið og aðalatriðin í því.

Audiovisual námið er hugsað sem listnám og byggir á því að læra listasögu og slíkt ásamt því að vinna með hugmyndir sínar. Þarna er ekki verið að þjálfa upp fólk til að sinna tæknihlíðum audiovisual vinnunnar. Skólinn er með visual art eða teikningu málun og slíkt og svo audiovisual nám. Sumir nemendurnir fara áfram í nám á þessum sviðum í háskóla og svo í allskyns nám.

Við byrjuðum á vinnustofu fyrir audiovisual vinnu, þar voru fyrst og fremst margar Apple tölvur sem unnið er á. Upptökustúdeó virtust frekar frumstæð, aðallega tjald með lýsingarmöguleikum.

Við gegnum um skólann og heimsóttum ýmsar vinnustofur þar sem verið var að teikna og vinna að hönnun á bústöðum fyrir gæludýr. Það verkefni fól í sér að læra um dýrin, kortleggja þarfir þeirra og hanna svo og búa til líkan af þessu sem nemendurnir sáu fyrir sér.

Við gengum svo yfir í gömul prentsmiðjuhús þar sem er rekin fullorðinsfræðsla / Punktur í stærðar vinnslusölum.

<http://www.academieanderlecht.be/>

Þar er meðal annars aðstaða fyrir framköllun á filmum og stækkun í analog ljósmyndun eins og Stefán kallaði það.



Eru þetta Erasmus, Comenius og Leonardo?

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Það á reyndar að rífa talsvert af þessum prentsmiðjubyggingum og byggja skólahús í staðinn. Skólinn sem við heimsóttum nýtur hluta þessara verkstæða á daginn en síðdegis notar fullorðinsfræðslan þau.

Stefán gekk líka með okkur að húsi þar sem Erasmus frá Rotterdam hafði haft aðsetur um tíma, skrifaði og gerði tilraunir með græðandi jurtir. Við fengum lykil að garðinum og skoðuðum hann, þar höfðu listamenn fengið verkefni við að setja upp ýmis verk í það sem er kallaður Philosophical garden.

https://en.wikipedia.org/wiki/Erasmus_House

<https://theculturetrip.com/europe/belgium/articles/the-erasmus-house-a-historical-cultural-complex-not-to-be-missed/>

<http://www.erasmushouse.museum/Page.php?ID=3&language=eng>

Þessi skóli kemur okkur fyrir sjónir sem öflugur bóknáms og listaskóli sem vinnur að hluta til á svipaðan hátt og listnámsbraut VMA, listasaga, hugmyndavinna, og sífellt verið að leiðbeina nemendum með litla áherslu á próf.

Eftir heimsóknina var svo farið til baka í Metro í átt að miðborginni og hótelinu.

Miðvikudagur 29. maí 2019

Þennan daginn voru á dagskrá heimsóknir í skóla í Antwerpen og í Liege.

Fólk tók daginn snemma og fór í lestum til þessara borga og svo var gengið, teknar aðrar lestir eða farið í leigubílum í skólana.

Í Antwerpen fór hópur í heimsókn í Antwerpen Maritime Academy sem er á tækniháskólastigi. Skóli sem býður meðal annars nám í skipstjórn og vélstjórn.

Gersom Brussaard Coördinator Communicatie Hogere Zeevaartschool Antwerpen // Antwerp Maritime Academy

Noordkasteel Oost 6 // B-2030 Antwerpen

communication@hzs.be // +32 (0)3 205 64 38 //

www.hzs.be



Nú vitum við hvað Sigríður Huld skólameistari ætlar að gera í námsorlofinu. Stýrimannanám í Antwerpen eða hvað? Góðar móttökur í HZS.

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Miðvikudagur 29. maí 2019

Í Liege voru heimsóknir í fjóra skóla, tvo fyrir hádegisdag og tvo eftir hádegisdag.

Visit IRHOV Ecole special needs Liege 10 - 12 people

<https://www.irhovsecondeaire.com/>

Rue Monulphe, 80, 4000 Liège

Tel: 04 / 223.62.16 E-mail: ses.irhov@ecl.be

Karen Malmquist skrifaði.

Skólinn var fyrst sérstaklega hugsaður fyrir blinda og heyrnarlausa/skerta nemendur, en nú eru þar líka nemendur með einhverfu. Í skólanum eru um 150 nemendur.

Það sem mér fannst áhugavert er hvernig nemendur sem vitað er að geta farið á vinnumarkað eru markvisst þjálfaðir í vinnubrögðum. Til dæmis má nefna að nemendur eru þjálfaðir í að vinna á vissum veitingastöðum sem vilja taka við starfsmönnum með skerta starfsgetu (EXKI kaffhús). <https://www.exki.com/en>

Nemendur koma t.d. í skólann og á fyrstu önn eru þeir þjálfaðir í að vinna með eitt atriði, svo er þessum atriðum fjölgað er á námið líður svo nemandinn getur t.d. hella á kaffi, bakað köku, lagt á borð. Þessi markvissa þrepavinna finnst mér mjög áhugaverð. Námsfnið er afar afmarkað og markmið skýr, ekki er verið að hræra hingað og þangað í mismunandi grautum.

Athygli mína vakti lélegt húsnæði, skortur á sjálfstæði skólans í ákvarðanatökum og vinnu; ekkert gert án samþykkis hins opinbera sem oft tekur alltof langan tíma að fá í gegn.

Lítil boltagryfja var í einu rýminu sem ég myndi vilja fá í VMA og gott væri að fá aðra stofu eins og D-09, með sófa og mismunandi húsgögnum fyrir fjölbreytta starfsemi í rýminu.

Þær tvær sem á móti okkur tóku voru ekki sérstaklega góðar í ensku, en allt skilaði sér og þær enduðu á að benda okkur á veitingastað í hádegismat, hringja á undan og láta vitað við kæmum og svo hittu þær okkur eftir hádegis og fóru með okkur í gönguleiðsögn um Liege. Algerir snillingar sem vilja koma og skoða skólann okkar þar sem ekki er aðgreining eins og hjá þeim.



Í Liege er lestarstöðin stórglæsileg nýtískubygging.

Secondary School Athénée Waha

Visit Ecole pédagogie active Liege

active pedagogy based on Célestin Freinet's model

<http://www.atheneedewaha.be/>

waha.administration@gmail.com

Boulevard d'Avroy, 96, 4000, Liege

Helene Dirix sem starfar með VMA í verkefninu InnoVET var komin að skólanum. Hún fór í gegnum skóla sem byggist á svipuðum hugmyndum og hafði svo starfað sem afleysingakennari við þennan skóla í einhverja mánuði. Hún er frönskukennari.

Skólastjórinn tók á móti okkur.

Skólinn byggir á virku námi þ.e. nemendur eru virkir í sínu námi og skólinn starfar í byggingu sem var tóm fyrir 20 árum. Hópur af foreldrum fór fram á að koma þessu námi af stað fyrir minnstu börnin. Einhverjir tveir einkaskólar voru með þessa aðferðafræði á leikskólastigi. Borgin ákvað að gera tilraun til eins árs, kennarar úr öðrum skólum komu af stað þessum skóla undir aðferðafræðinni.

Kennararnir voru búnir að lesa sér til um kennslufræði frá ýmsum frönskum færðimönnum í kennslufræði en völdu Frenet aðferðafræðina.

Frenet er ekki þessarar kynslóðar, dó 1966, einbeitti sér að yngstu börnunum og vann eftir aðferðum sem kennararnir gátu hugsað sér að aðlaga, var í suður Frakklandi og í dreifbýli. Raunar virtist kerfið ekki passa aðstæðum hér vel en hægt var að aðlaga það.

60 nemendur byrjuðu fyrir 20 árum síðan.

Nú eru 900 nemendur og allt sprungið og þurftu að neita 200 nemendum.

Við fegnum það aðeins og tilfinninguna og að hluta ti lstaðfest annarsstaðar frá að skólinn sé farinn að geta valið nemendur og það megir að hluta til líta á hann sem elítuskóla.

Immersion er það að börn sem byrja mjög snemma að læra erlend tungumál. Eru 28 tíma á viku í tungumálum áður en þau koma hingað. Þetta er fyrir fimm ára aldur. Hafa unnið djúpt í þessu. Hér er svo haldið áfram með þetta hér.

Stór hluti nemendanna kemur úr leikskólum sem nota þetta módel. 10% koma úr almennu skólakerfi en annarsstaðar frá.

Tvö markmið.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á náminu og það þau verði sjálfstæð. Þau sjá sjálf um að setja saman sína stundatöflu, þau eiga að vera virkir gerendur í náminu.

Pólitískt markmið að gera nemendur að sjálfstæðum borgurum og gerendum í þjóðfélaginu. Þeim er kennt á strúktúra í þjóðfélaginu, nemendur viti hvernig á að haga sér í þessu borgaralega umhverfi. Lögð er áhersla á tjáningu og umræður og að vinna að því að koma saman ákvörðunum þótt það þurfi til þess talsverðar málamiðlanir.

Hér er ekki það sem við köllum bekkjarkennsla, nokkur hreiður í hverjum námshópi, nemendur eru í hópum og kennarar gefa ramma utanum verkefnið, úthluta verkefnum eftir þörfum og ekki síst að sýna fram á hvernig framvindan þarf að vera til að uppfylla lokamarkmiðið. Kennarinn er meira eins og leikstjóri kvikmyndar en ekki með sem leikari.

Í þessu kerfi hefur kennarinn miklu minni áhrif, byggist á að vera tutor. Sá nemi í hópnum sem er að ná bestu tókum á efninu er farinn að leiða hópinn. Alltaf mikið aðhald þannig að samskiptin milli nemenda fari ekki í verri farveg en skólinn nýtir þetta til að ná markmiðunum.

Hann ræddi um að bekkjunum séu eyjar sem kennari fer á milli, hefur aðhald, styður við hópana. Hóparnir eru misstórir.

Einstaka sinnum er mismunandi aldursstigum blandað saman en það er alls ekki þannig að allir nemendur séu á sama stigi þótt þau séu jafnaldrar.

Eitt af því sem þau gera er að hér eru ekki einkunnir í númerum, nokkurskonar bókstafakerfi og ekki verið að gefa beint einkunnir. Símat og endurgjöf er stöðug. Innan hvers hóps eru mismunandi umsagnir, stundum eru í hópnum mismunandi nemendur með mismunandi hæfileika og styrkleika.

Alls ekki einkunnir þar sem verið er að leggja saman einkunnir og reikna út en frekar er metið hvort nemendur geta eða ekki. (Spurning hvort að hluta til er miðað við hlítarnám að nemendur vinni að verkefnum þar til þeir hafa náð nokkurnvegin fullum tókum á efninu.) Markmiðið er að gera samning við nemann um það í hverju neminn ætti að bæta sig. Notað til að flokka nemendur til að koma nemendum þangað sem betra er að styðja þau.

Skólaárinu er skipt í þrjá hluta. Smá breytingar milli hluta, eiginleg próf eru á tveggja ára fresti og þau koma frá menntamálayfirvöldum, notað til að meta stöðu nemenda en líka að einhverju leyti sennilega til að skoða stöðu skólanna. Það er samt aldrei birt, spurning hvort íslensk menntamálayfirvöld ættu að skoða hvað þau eru að gera þegar birtar eru meðaleinkunnir landshluta í samræmdum prófum.

Utanaðkomandi kröfur og mat eru lögð fyrir eins og í öðrum skólum. Þetta sýnir oft að útkoman er í samhengi við samninginn við nemendur. Bæði kennarinn og neminn vita stöðuna og þannig er útkoman úr prófunum.

Við munum sjá hvernig þetta gengur fyrir sig, þessi opinberu próf eru í júní þannig að núna er staðan í skólanum pínulítið önnur. Hann vonar að við sjáum hvernig er reynt að kenna að læra.



Bekkingarþing í WAHA skólanum í Liege.

Þessi borgaralega kennsla er eitthvað sem hefur berlega komið í ljós núna að þarf að sinna almennilega. Í Evrópukosningunum kom vel fram víða að það er mikilvægt að undirbúa nemendur undir áróður populistar að ungt fólk hafi þekkingu og rökvisi til að taka þátt í umræðum en líka að meta upplýsingar og sjá í gegnum einfaldanir og áróður.

Einn hlutinn í kennslunni sem snýr að þessu er að nemendur búa til verkefni í samfélaginu. Þau fara út úr skólanum að vinna að verkefnum. Einu sinni á ári er nokkurskonar markaður, nemendur bjóða fram verkefni, skólinn útbýr verkefni, lókal stjórnvöld og aðilar koma með tillögur að verkefnum og alþjóðleg samtök t.d. Oxfam og fleiri koma með verkefnin. Svo er skoðað hvort verkefnin eiga saman og ná oft útfyrir samfélagið hér. Við munum sjá eitt dæmi um þetta. Nemendur eru paraðir við verkefni og kennarar líka.

Hver nemi velur sér verkefni en það þýðir að það geta verið allt að 50 nemendur um eitt verkefni og af öllum aldurstigum skólans. Svo er hægt að taka verkefnin frá mismunandi vinklum, borgari heimsins, bókmenntavinkill og svo frv.

Hver nemi er með eitt verkefni fyrir allt árið. Í upphafi eru margir nemendur um sama verkefnið. Í byrjun október fara í gang vinnustofur og farið er að skoða hvaða vinkill er til skoðunar.

Þessar vinnustofur, þay kynna sig og þekkjast lítið. Þau kynna hvaða hæfileika þau hafa til lað vinna í þessu og hvaða vinkil þau sjá. Smám saman settlast þetta í smærri hópa eftir hæfileikum og áhuga.

Í hverju verkefni er einn kennari sem sér um kennslufræðina og sérfræðingur í efninu.

Opið hús og þá er afurð birt og verkefnin eru kynnt. Eitt dæmi um afurð er bæklingur og þar reynir á margvíslega hæfni, í frönsku málli, uppsetningu, ljósmyndun ásamt hugmyndavinunni sjálfri, Grafískur hönnuður vann með þeim. Nemendurnir skrifuðu leikrit um útrýmingarbúðir sem voru nálægt Prag.

Helene kemur úr þessu kerfi í öðrum skóla. Hér eru nemendur 5 – 18 ára.

Opna húsið er það vel kynnt að það komu ca 3000 manns komið á opna húsið.

Einn þáttur í starfinu er nemendapíng einu sinni í viku í 1,5 klst.

Þau eru ábyrg og eiga að vera virk í starfi skólans, oft er þemað á þessum þingum það að lifa saman, hvað þarf að ræða þegar við erum hér saman, allt sem snýr að því að skapa andrúmsloftið.

Á 1 og hálfs máðar fresti er kosinn formaður og ritari hópsins.

Það er svona þing í dag en það er síðasta þing ársins. Partur er það að þau eru með sjálfsmat, hvernig hefur þeim gengið? Svo meta þau hvernig gekk í vetur að gera það sem þau ákváðu á þessum þingum. Voru reglurnar að virka?

Þriðja málið á þinginu er brunch þar sem nemendur koma með heiman frá sér.

Við munum sjá þing hjá eldri nemendum. Þingin eru hjá hverjum árgangi eða slíkum hópum en ekki fyrir allan skólann í einu.

Þessi sem eru elst eru búin að ákveða að hafa grill, skólameistarinn er búinn að fréttu af

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

því.

Það er að koma kvikmynd í sýningar en þar er vefheimildarmynd þar sem farið er í gegnum aðferðir skólann, hægt að finna.

www.rtb.be/elevesenliberte

Við getum farið í kennslustundir þar sem er verið með ensku.

Þrír hópar.

Farið í kennslustundir

Kennslustund í Ensku. 11-12 ára nemendur. Kennarinn var viljanid með óvenjulega margar leiki í sömu kennslustundinni. Allskyns leikir þar sem nemendur ýmist kepptu eða ekki en allt gekk út á orð og að læra orð um ákveðna hluti og þjálfar orðaforðann.

Í næstu kennslustund á eftir voru nemendur að ljúka við að horfa á kvikmynd á ensku en kennarinn gaf sér tíma til að spjalla við okkur á frammi á gangi á meðan nemendur horfðu. Þetta var ung kona búin að kenna í sjö ár í skólanum, það var á henni að skilja að henni líkaði vel. Kennsluskyldan er 20 kennslustundir á viku 50 mínútna stundir. Hjá þeim sem kenna yngri nemendum er kennsluskyldan 22 stundir.

Við fórum aðeins út í port, alveg steinsteypt og enginn gróður og á aðra hönd voru byggingar sem skólinn var líklega ekki að nota og grenilega ekki viðhaldið. Skólinn var í sex hæða byggingu sem hafði verið stúlknaskóli á fyrrihluta 20. aldar, efsta hæðin var heimavist og þar bjuggu líka að minnsta kosti þær konur sem kenndu við skólann.

Í þriðju kennslustundina komu nemendur eitthvað seint en okkur gafst tækifæri til að ræða við kennarann sem kennir ensku en líka sögu á ensku. Hún nefndi til dæmis að hún þyrfti að passa að hugtök um efnið þyrftu að koma fram bæði á ensku og frönsku svo þau hefðu hugtökin á báðum tungumálum.

Svo komu nemendur, ca 20 nemendur á síðasta ári, 18 ára. Þarna var á dagskrá nemendaping. Einn formaður og annar ritari höfðu undirbúið spurningar til hópsins um mat á skólanum og náminu. Þeir lásu þessar spurningar upp og svo fóru fram umræður, mátulega mikil regla, þau réttu upp hönd til að fá orðið, stundum var



Minnismerki um þau sem létust fyrir ári síðan

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

gripið fram í en yfirleitt var einn að tala í einu. Líklega hafa allir nema 4 eða 5 tekið til máls fyrir hópinn, þau sem mest lögðu til málanna tóku líklega fjórum eða fimm sinnum til máls. Kennarinn greip inn í örfá skipti. Þetta fór allt fram á frönsku þannig að við skildum ekki mikið.

Að lokum virtist vera að verða til texti sem hópuiinn var að verða kominn að niðurstöðu um þegar við fórum. Svo var á dagskrá brunch þar sem nemendur komu með eitthvað með sér að borða en kennarinn lét þau fá nokkrar arkir af allskyns límmiðum sem þau límdu á reiknivélar, skólatöskur, bækur og fleira.

Okkur virtist þetta nemendaping virka fínt, greinilegt var að allir nemendur kunnu reglurnar og þær virtust vera hafðar í heiðri.

Andrúmsloftið í skólanum þennan dag litaðist talsvert af því að eitt ár var síðan skotárás var gerð við skólann. Þrjár manneskjur létust og til viðbótar lést árásarmaðurinn. Blóm voru lögð að vegg í nágrenni skólans og fjölmargir lögreglumenn voru á staðnum vegna þess að tvö fórnarlömbin voru lögreglukonur.

https://en.wikipedia.org/wiki/2018_Li%C3%A8ge_attack

<https://www.bbc.com/news/world-europe-44289404>

Eftir heimsóknina dundaði fólk sér í Liege, sumir fóru bráðlega til baka í lestinni til Brussel en aðrir voru í Liege fram undir kvöldmatarleytið.

Tvær heimsóknir voru á dagskrá eftir hádegðið.

Annarsvegar í competence center í byggingagreinum og hinsvegar í matvælagreinnum.

Matvælagreinar

Visite centre compétence Epicuris

Rue de Wareme, 101 4530 Villers le Bouillet

Noemie Henry, Director, Noemie.henry@formation-epicuris.be;

info@formation-epicuris.be +32 85 27. 88. 61

<http://www.formation-epicuris.be/>

Þangað fór lítil hópur tengdur matvælabrautinni og fékk góðar móttökur.

Byggingagreinar og tengt starfsnám.

Visite centre compétence Constriform

<https://liege.formation-construform.be/>

Rue de Wallonie, 23, 4460 Grâce Hollogne / Liege

Contact Laetitia Beckers.

Laetitia.Beckers@centreifapme.be

Þangað fór lítill hópur tengdur byggingagreinum í VMA. Mjög líklegt er að frekar í samstarf verði við þennan skóla, heimsóknir kennara í báðar áttir og hugsanlega nemenda.

VMA, skólaheimsóknir í Brussel í Belgíu 27. - 29. maí 2019.

Ferðasaga, Jóhannes Árnason

jarn@vma.is

Fimmtudagur 30. maí 2019

Uppstigningardagur er greinilega frídagur í Belgíu. Mikill hluti af verslunum var lokaður en ferðamannaverslanir og veitingahús opin.

Hópurinn fór út um allt og naut góðs veðurs og þess að skoða ýmis söfn. Einhverjir fóru til Brugge / Bruges <https://www.visitbruges.be/en> og upplifðu mikil hátíðahöld vegna uppstigningardagsins.

Föstudagur 31. maí 2019

Rútur komu að hótelinu og sú seinni fór af stað rétt rúmlega 10.00 að flugvellinum, allt gekk snurðulaust og við komin heldur snemma á flugvöllinn, innritun og svo bið þar til flugið fór af stað um það bil á réttum tíma, uppúr kl. 14.

<https://www.brusselsairport.be/en/passengers>

Lent í Keflavík um kl. 15.10 og SBA rútan beið og fór af stað um kl. 16.00, við ókum til Akureyrar og komin þar um kl. 22.

Lokaorð.

Fleiri en einn af þátttakendunum ræddu um viðbrögð við nemendum með önnur móðurmál. Sumir orða þetta þannig að eitt af því sem þeim fannst áberandi við heimsóknirnar er þjónusta við nemendur og utanumhald við þá.

Við á Íslandi þurfum að taka okkur á strax varðandi innflytjendur/nýbúa og þjónustu við þá, sérstaklega íslenskukennslu og kennslu á samfélagið sem og sálfélagslega þjónustu áður en við upplifum þetta sem vandamál sem virðist vera orðið í Belgíu. Nemendur koma með litla tungumálaþekkingu í skólana, engan stuðning að heiman og skólinn á að bjarga heiminum.

Svona skólaheimsóknir eru afar góðar til að kynnast öðrum aðstæðum, stundum sjáum við að aðrir gera hlutina betur og hafa betri aðstöðu en stundum sjáum við að okkar staða er góð og vinnubrögðin hjá okkur eru eitthvað til að læra af. Stórir hópar eru svifaseinir og talsvert þarf að skipuleggja en þessi þáttur í starfi vísindasjóðs FF og FS er eitthvað sem þarf að halda áfram.

Fyrir hönd starfsmanna VMA vil ég þakka þeim sem aðstoðuðu okkur meðal annars starfsmanni vísindasjóðs FF og FS sem og þeim í öðrum stéttarfélögum sem koma að því að leiðbeina og afgreiða umsóknir um styrki til slíkra ferða.

Allar spurningar og ábendingar eru vel þegnar.

Jóhannes Árnason jarn@vma.is